

Ed.

1086. Nefndarálit

[514. mál]

um frv. til l. um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði um frumvarp þetta á einum fundi. Engar upplýsingar voru bornar fram fyrir nefndina um málið og hefur það því ekki fengið viðhlítandi skoðun að mati minni hl. Minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði fellt.

Við, sem skipum minni hl. nefndarinnar, teljum nauðsynlegt að auka virðingu fyrir frelsi og mannréttindum í heiminum. Þó að mannréttinasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hafi verið staðfestur af flestum þjóðum skortir samt mikið á að ákvæðum hans sé framfylgt. Mannréttindastofnunin „Freedom House“ áætla að rúmlega þriðjungur mannkyns búi við frelsi, tæpur þriðjungur við skert frelsi og rúmur þriðjungur jarðarbúa þurfi að þola mjög verulega frelsisskerðingu. Ljóst má því vera að verulega skortir á að frelsi og mannréttindum sé framfylgt í veröldinni.

Fyrirgreind stofnun telur að alvarleg mannréttindabrot og frelsisskerðing sé í rúmlega 50 ríkjum en takmarkað frelsi þegnanna í tæplega 60 ríkjum til viðbótar. Samkvæmt því eru yfir 100 ríki sem brjóta mikilvæg ákvæði mannréttinasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Stjórnendur þessara ríkja beita þegna sína kúgun og ófrelsi þó að í mismiklum mæli sé. Þrátt fyrir þetta hafa flest þessara ríkja staðfest mannréttinasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eru sum á meðal mikilvægustu viðskiptalanda Íslendinga og engum dettur í hug að beita þau viðskiptaþvingunum.

Minni hl. nefndarinnar fordæmir kynþáttastefnu ríkisstjórnar Suður-Afríku og er eindregið þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi að vinna gegn henni með gagnrýni á alþjóðavettvangi. Það er jafnframt skoðun okkar að bregðast eigi við kúgun og mannréttindabrotum með sama hætti óháð því hverjir stunda slík brot. Við fordæmum einræðis- og alræðisstjórnir sem brjóta grundvallarmannréttindi. Við Íslendingar fylgjum þeirri stefnu að hafa vinsamleg samskipti við allar þjóðir, en þrátt fyrir það teljum við eðlilegt og innan þeirrar stefnu að hvetja til og stuðla að sjálfsákvörðunarrétti meðal þjóðríkja og innan þeirra. Þessari grundvallarstefnu ber okkur að fylgja áfram.

Meginatriðið um vinsamleg samskipti við allar þjóðir teljum við svo mikilvægt að af þeirri ástæðu hvetjum við til þess að frumvarpið verði fellt. Þessi stefna hefur frá stofnun lýðveldisins verið einn mikilvægasti þátturinn í utanríkisstefnu íslenska lýðveldisins. Frávik frá þessari stefnu kallar á endurmat á utanríkisstefnu okkar.

Minni hl. telur að viðskiptaþvinganir eins og frumvarpið miðar að þjóni ekki þeim tilgangi sem flutningsmenn ætlast til. Í fyrsta lagi eru viðskipti Íslendinga við Suður-Afríku og Namibíu svo lítil að þau skipta hvorugan aðilann máli. Frumvarpið hefur því fremur táknrænt gildi en raunverulegt. Vegna þessa telur minni hl. nefndarinnar fráleitt að samþykka það í andstöðu við þá stefnu sem fylgt hefur verið í samskiptum þjóða. Því til viðbótar er bent á að viðskiptabann og viðskiptaþvinganir hafa haft sáralítill áhrif þegar þeim hefur verið beitt allt frá dögum Napóleóns, sem setti viðskiptabann á Bretland, til okkar tíma. Þá er því haldið fram að viðskiptabann á Suður-Afríku og Namibíu komi til með að bitna harðast á þeim sem flutningsmenn frumvarpsins vilja aðstoða.

Um nokkurt skeið hafa ýmis samtök náttúruverndarfólks barist fyrir því að ríki Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku settu viðskiptabann á Íslendinga vegna þeirra grófu brota sem þessi samtök telja Íslendinga seka um. Á þetta er bent til að sýna þá hættu sem getur verið því samfara að samþykka frávik frá þeirri stefnu að eiga vinsamleg samskipti við allar þjóðir.

Sé sú stefna viðurkennd og samþykkt af lýðræðisþjóðum heims að beita skuli þjóðir viðskiptaþvingunum til að fá þær til að fylgja ákveðinni stefnu, sem viðkomandi er þóknanleg, er vegið að sjálfsákvörðunarrétti þjóða. Slíkt býður upp á óendanlega misnotkun og væri algjörlega fráleitt nema mörkuð yrði almenn stefna um það hvenær og hvernig viðskiptabanni skyldi beitt.

Í Evrópu á okkar tímum höfum við tvö dæmi um einræðisríki sem tekið hafa upp lýðræðislegt stjórnarfar. Þetta eru Portúgal og Spánn. Meðan einræðisstjórnir ríktu í þessum ríkjum voru sífellt bornar fram kröfur, m.a. hér á landi, þess efnis að þessi ríki yrðu beitt viðskiptaþvingunum. Þeim kröfum var jafnan hafnað. Þess í stað áttu þjóðir Vestur-Evrópu, þar á meðal við Íslendingar, blómleg viðskipti við Portúgal og Spán. Fáir efast um það nú að það hafi verið rétt stefna að hafa sem viðtækust samskipti við Portúgal og Spán á þessum tíma. Menn eru almennt sammála um að öflug samskipti við þessi ríki hafi einmitt stuðlað að lýðræðisþróun í þeim og orðið til þess að lýðræði var komið á í þessum löndum með jafnfriðsamlegum hætti og raun ber vitni. Dettur einhverjum í hug að önnur lögmál gildi fyrir Suður-Afríku og Namibíu í þessu máli en Portúgal og Spán á sínum tíma?

Afstaða minni hl. byggist fyrst og fremst á andstöðu við beitingu viðskiptabanns sem úrræðis til að ná fram pólitískum markmiðum.

Telji meiri hl. þingdeildarinnar að edlilegt sé að beita viðskiptaþvingunum í pólitískum tilgangi mun minni hl. nefndarinnar flytja breytingartillögur við frumvarpið við 3. umr. sem fela það í sér að úrræði þau, sem frumvarpið áskilur, nái til allra þeirra ríkja sem brjóta mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Minni hl. telur frumvarpið, eins og það liggur fyrir, órökrétt og ástæðulaust og til þess fallið að stuðla að tvískinnungshætti í viðskiptum Íslendinga við aðrar þjóðir. Við leggjum því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 7. maí 1988.

Jón Magnússon,
frsm.

Júlíus Sólnes.